

1868.

20. nóvbr.

fá veitt fè til að greiða lestagjaldið af gufupóstskipinu, sem skipað er fyrir um í færeysku og íslenzku verzlunarlög-unum, en það er 3 rd. hverja ferð fram og aptur fyrir hvern ton af öllu rúmmáli skipsins; skal þess samt getið, að ef fjárhagur Íslands og Danmerkur verður sundurskilinn, virðist nauðsynlegt annaðhvort að koma á þeirri breytingu á íslenzku verzlunarlögunum, að gufupóstskipið skuli undanþegið að greiða lestagjald til Íslands, eða að mæla svo fyrir, að lestagjaldið af gufupóstskipinu skuli ekki á síðan renna inn í hinn íslenska landssjóð; og

að þar sem svo er til ætlaðt, að komið skuli við einhverstaðar austantil á Íslandi, helzt á Berufirði, þá verður, er fjárhagsaðskilnaðurinn er kominn í kring, að gjöra samning með pósthjórninni og hinni væntanlegu sérstaklegu umbodstjórn á Íslandi, um að endurgoldinn skuli af Íslands hálfu sá hluti af kostnaðinum til pósthjórnanna — þ. e. því, sem útgjöldin eru meiri en tekjurnar —, er hlýzt af því, að þar er komið við, því að leiðina frá Berufirði til Reykjavíkur og frá Reykjavík til Berufjarðar verður að skoða sem kafla úr pósthjórgunum á Íslandi, en samkvæmt frumvarpinu um fjárhagsmál Íslands, er lagt hefir verið fyrir ríkisþingið, eiga þær, þegar þar að kemur, að vera á kostnaði Íslands, og snerta því ekki sjóð konungsríkisins.

26. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um mælingu skipa frá Bretlandi hinu mikla.

24. nóvbr.

Aðalskattastjórnin hefir skýrt dómsmálastjórninni frá, að hún hafi veitt stjórn drottningarinnar á Bretlandi hinu mikla loford um, að öll skip, sem þar eiga heima og hafa brezk skrásetningarskýrteini (*certificates of registry*), skuli undanþegin

1868.
24. nóvbr.

að vera mæld upp aptur í Danmörk eða hjálendunum, en að farið skuli eptir rúmmáli því í tons, sem stendur í tæðum skýrteinum.

Jafnframt því að þetta er tilkynnt yður, eruð þér beðnir um að birta það öllum, sem í hlut eiga, og taka um leið fram við þá, að þegar tons-rúmmálinu, sem stendur í brezku skrásetningarskýrteinunum, er breytt í kaupskipalestir, skal telja tvo tons jafna einni lest, og þar sem brot koma fyrir, skal farið með þau, eins og nú segir:

- 1) þegar búið er að skipta tons-rúmmálinu með 2, og lesta-rúmmálið verður ekki meira en 10,00 lestir, skal öllum hundradabrotum, sem eru minni en 0,13, sleppt; frá 0,13 til 0,37, að báðum meðtöldum, skal talið $\frac{1}{4}$ úr lest; frá 0,38 til 0,62, að báðum meðtöldum, talið $\frac{1}{2}$ lest; frá 0,63 til 0,87 $\frac{3}{4}$ úr lest og 0,88 og þaðan af meira heil lest.
- 2) þegar rúmmálið aptur á móti verður meira en 10,00 lestir, skal sleppa öllum hundradabrotum, sem eru minni en 0,46; frá 0,26 til 0,75 skal talið hálf lest og 0,76 og þaðan af meira heil lest.

12. desbr. **63. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um eignarrétt til vogreks.**

Í bréfi 2. septembermán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, beiðzt úrlausnar dómsmálastjórnarinnar á því, hvort andvirðið fyrir tvær tunnur með steinolíu í, sem rekið hafa, önnur á Álfhóla fjöru í Rangárvallasýslu og hin á Loptstaða fjöru í Árnessýslu, eigi að renna í ríkissjóðinn, eða fjörueigendur eigi það með því skilyrði, að þeir taki uppá sig alla ábyrgð, ef eigendurnir kynnu að koma með nokkra kröfu útaf þessu.

Nú er skrifast hefir verið á við fjárstjórnina um þetta, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér